



Fundur FFM haldinn 4. október kl.18.30 í Myllubakkaskóla

Mættir eru: Hjörleifur Hannesson formaður, Karólína Óskarsdóttir, Anita Arnarsdóttir, Katrín Marsí Aradóttir, Ísak Þór Ragnarsson, Skúli Freyr Brynjólfsson og Gunnhildur Þórðardóttir sem ritar fundinn.

Dagskrá

Fundur settur kl.18.42

1. **Starfið í vetur.** Rætt var um að halda þorablótinu því það gekk vel, hafa meira samstarf við 10. bekkning í fjáröflun þar sem þau myndu koma á viðburði foreldrafélagsins og jafnvel að þau aðstoði á viðburðunum og fái greitt fyrir. Rætt var um símanotkun og fyrirlestur sem FFGÍR stóð fyrir 3. október þar sem rætt var um símanotkun 5-7. bekkinga. Rætt um að fá fleiri fyrirlestra t.d. um börn og símnotkun, einnig rætt um að hafa spilakvöld í nóvember, þorablót í janúar/febrúar, vorhátíð foreldrafélags og að hafa viðburð á íþróttadeginum.
2. **Bekkjartenglar mönnun og kynningarfundur.** Allir bekkir eru með bekkjarfulltrúa nema 3. bekkur. Rætt var um að hafa fund með bekkjartenglum í næstu viku 11. október kl. 18. Á fundinum verður rætt um hlutverk bekkjarfulltrúa, þar sem það er fyrst og fremst að virkja foreldra í bekknum, fundur með foreldrum afmælisfyrirkomulag, símakeðja, skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfi. Ræða viðburði á vor og haustönn. Mikilvægi foreldraeftirlits.
3. **40 ára afmæli FFM.** Halda upp á 40 ára afmæli foreldrafélagsins með vorhátíð þar sem gamlir nemendur troða upp, áheitasöfnun fyrir leiktæki á skólalóð, hoppukastali og tæki og grillaðar pulsar.
4. **Annað.** Rætt var um hina mismunandi fyrirlestra, Hjörleifur sagði frá formanni foreldrafélags Breiðholtsskóla og benti á að við gætum fengið hana til að funda með okkur stjórn foreldrafélagsins til að hlera hvernig gengur hjá þeim.

Fundi slitið kl. 19.38